



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Sóknaráætlun 2020

Niðurstöður þjóðfundar á höfuðborgarsvæðinu

5/19/2010

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Helstu áætlanir sem horfa ber til eru:	3
Áætluð þörf fyrir atvinnuþróun á höfuðborgarsvæðinu fram til ársins 2020.....	5
Almennar upplýsingar um höfuðborgarsvæðið	7
Niðurstöður.....	15
Flokkun og forgangs röðun vaxtataækifæra að mati SSH.....	15
Vaxtataækifæri og helstu viðskiptahugmyndir	16
Tengsl viðskiptahugmynda og samstarf	17
No. 1 - Náttúran	19
Staða sérstöðunnar nú:.....	19
Hugmyndir sem fram komu á þjóðfundi sem nýst geta til áframhaldandi þróunar:	21
No. 2 Heilsulindir – (heilbrigðisþekking og íþróttamannvirki)	23
Staða sérstöðunnar nú:.....	23
Hugmyndir sem fram komu á þjóðfundi sem nýst geta til áframhaldandi þróunar:	24
No. 3 - Menning, mannlíf og listir.....	25
Staða sérstöðunnar nú:.....	25
Hugmyndir sem fram komu á þjóðfundi sem nýst geta til áframhaldandi þróunar:	26
No. 4 - Úrvinnsluiðnaður.....	29
Staða sérstöðunnar nú:.....	29
Hugmyndir sem fram komu á þjóðfundi sem nýst geta til áframhaldandi þróunar:	30
No. 5 - Græn orka og hreint kalt vatn.....	31
Staða sérstöðunnar nú:.....	31
Hugmyndir sem fram komu á þjóðfundi sem nýst geta til áframhaldandi þróunar:	31
No. 6 - Þekkingarsamfélagið - vísindi, rannsóknir, menntun	33
Staða sérstöðunnar nú:.....	33
Hugmyndir sem fram komu á þjóðfundi sem nýst geta til áframhaldandi þróunar:	33
No. 7 - Lega landsins.....	35
Staða sérstöðunnar nú:.....	35
Hugmyndir sem fram komu á þjóðfundi sem nýst geta til áframhaldandi þróunar:	35

Inngangur

Ríkisstjórn Íslands hefur staðið fyrir verkefni sem nefnist Sóknaráætlun 20/20.

Markmið sóknaráætlunarinnar er að móta heildstæða stefnu fyrir Ísland í þágu atvinnulífs og samfélags. Ísland skipi sér aftur í fremstu röð í verðmætasköpun, menntun, velferð og lífsgæðum. Sóknaráætlunin er byggð á jafnrétti kynjanna, heilbrigðum viðskiptaháttum og grænni atvinnuuppbyggingu í samræmi við hugmyndir sjálfbærrar þróunar. www.island.is

Samkeppnishæfni stuðlar að hagsæld þjóða og svæða. Það er framleiðni eða verðmætasköpun sem byggist á vinnuframlagi einstaklinga, tækjum og/eða annars konar auðlindum. Aukin framleiðni hefur jákvæð áhrif á hagsæld svæðis eða þjóðar.

Við skilgreiningu á árangri varðandi samkeppnishæfni þjóða er gjarnan horft til frammistöðu í þremur meginflokkum, en þeir eru; hagsæld, umhverfi og lífsgæði/jöfnuður.

Þess var farið á leit að landshlutasamtök sveitarfélaga aðstoðuðu við sóknaráætlunina með því að standa fyrir þjóðfundum hvert í sínum landshluta.

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) samþykktu að taka þátt í þessu verkefni og var áttundi og síðasti þjóðfundur Sóknaráætlunar í landshlutunum á höfuðborgarsvæðinu, haldinn í Rimaskóla í Reykjavík laugardaginn 20. mars. SSH skipulögðu fundinn í samvinnu við stýrihóp Sóknaráætlunar 20/20. Til fundarins voru boðaðir hagsmunaaðilar og íbúar á svæðinu sem nær frá Álftanesi að Kjósarhreppi og sóttu hann um 150 manns sem skipt var í 16 vinnuhópa.

Margar góðar hugmyndir um kjarnahæfni svæðisins litu dagsins ljós og leggja þær grunninn að Sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins sem verður hluti af Sóknaráætlun fyrir Ísland. Gerð er grein fyrir þessum hugmyndum í þessari samantekt.

Verið er að vinna að því að samtvinna fjölmargar áætlanir ríkisins og laga að breyttum áherslum og nýrri svæðaskiptingu. Þessar áætlarnir eru komnar mislangt á veg sumar eru nær tilbúnar en verið er að grunnvinna aðrar. Markmiðið er að lagður verði grunnur að betri heildar áætlunum fyrir Ísland. Þess hefur verið óskað að landshlutasamtökin geri grein fyrir því með hvaða hætti þessar áætlanir geti stutt við þær hugmyndir sem urðu til á þjóðfundunum til þess að ná þeim markmiðum sem að er stefnt.

Helstu áætlanir sem horfa ber til eru:

- **Samgönguáætlun** - <http://samgonguaetlun.samgonguraduneyti.is/>

Fjögurra ára samgönguáætlun árána 2007 til 2010 var samþykkt á Alþingi í mars 2007. Á þessum fjórum árum á að verja alls um 109 milljörðum króna til verkefna á sviði samgöngumála. Stærsti hluti fjármagnsins, um 98 milljarðar króna, fer til hvers kyns vegaframkvæmda, tæpir 10 milljarðar til framkvæmda á sviði siglingamála og 1,5 milljörðum króna verður varið til flugmála. Gert er ráð fyrir að verja nærri 20 milljörðum króna til verkefna á höfuðborgarsvæðinu. Brýnt er að leggja í verulegar framkvæmdir þar til að samgöngumannvirkin geti staðið undir því að halda í við fjölgun bíla og stórauðna umferð. Ein stærsta framkvæmdin á höfuðborgarsvæðinu er gerð Sundabrautar en teknir hafa verið frá 8 milljarðar króna til að unnt verði að hefja verkið. Þá verða jarðgangagerð og breikkun vega og akbrauta áberandi þættir framkvæmda víða á landinu næstu árin.

- **Fjarskiptaáætlun** - http://www.pta.is/Default.aspx?cat_id=168

Í fjarskiptaáætlun eru markmið stjórnvalda og aðkoma þeirra að fjarskiptamálum á næstu árum skilgreind. Jafnframt er gerð grein fyrir ástandi og horfum í fjarskiptum í landinu í ljósi alþjóðlegrar þróunar. Með samræmdri stefnumótun er markmiðið að auka samkeppnishæfni Íslands og stuðla að framþróun í atvinnulífi, að ná fram hagkvæmri nýtingu fjármagns og að forgangsraða verkefnum.

Einnig er lögð áhersla á greitt aðgengi allra landsmanna að fjarskiptum og fjallað um með hvaða hætti jafna megj aðstöðu þannig að allir njóti sem bestar þjónustu.

- **Nýmenntastefna** - <http://www.nymenntastefna.is/>

Ný framhaldsskólalög gera ráð fyrir að gerð námsbrautarlýsinga færist frá menntamálaráðuneyti til framhaldsskólanna. Það þýðir að skólunum er falin eiginleg tillögugerð um fyrirkomulag, samhengi og inntak náms. Í greinargerð með lagafrumvarpinu (þskj.320 - 286.mál) kemur m.a. fram mikilvægi þess að framhaldsskólarnir fái tækifæri til að nýta sérstöðu sína hvað varðar þekkingu, færni/leikni og hæfni á mismunandi sviðum. Í framhaldsskólum er að finna góða þekkingu á þörfum þeirra sem skólarnir þjóna, bæði nemenda, atvinnulífs, menntastofnana og annarra, og það er nauðsynlegt að nýta þá þekkingu við innleiðingu nýrra laga um framhaldsskóla.

- **Menningarstefna** www.menntamalaraduneyti.is

Mennta- og menningarmálaráðuneytið boðar til menningarþings undir yfirskriftinni Menningarlandið 2010 – Mótun menningarstefnu, 30. apríl 2010. Á þinginu verður kynnt greining á núverandi menningarstefnu á sviði lista, menningararfs, safna, fjölmiðla og æskulýðs- og íþróttamála. Tilgangur þingsins er að fá viðbrögð við fyrirliggjandi greiningu og að fá fram hugmyndir sem gætu nýst í áframhaldandi vinnu við mótun menningarstefnu til framtíðar.

- **Nýsköpun, Vísinda- og tækniráð** - <http://www.vt.is/visinda&taeknirad/stefna-2009---2012/>

Stefna Vísinda- og tækniráðs 2010 – 2012, kveður á um mikilvægi þess að halda áfram að hlúa að og efla þær stöðir sem rannsóknir og nýsköpun byggja á og nota þekkingarsköpunina sem viðspyrnu til nýrrar sóknar í atvinnulífi og samfélagi. Stefnan leggur sérstaka áherslu á aukið samstarf háskóla, stofnana og fyrirtækja við rannsóknir og nýsköpun.

- **Rammaáætlun um nýtingu orkulinda** - <http://www.rammaaetlun.is/>

Sýn Íslendinga á beislun innlendra orkugjafa hefur breyst. Samstaða hefur verið um virkjun heita vatnsins frá lághita-svæðum til upphitunar og framan af um framleiðslu rafmagns með beislun fallvatna. Uppgangur stóriðju og aukin virkjun fallvatna og háhitasvæða í þeirra þágu hefur kallað fram raddir náttúruverndar, sjálfbærrar þróunar og útivistar. *Rammaáætlun um nýtingu vatnaafis og jarðvarma* er matsferli á virkjunarkostum og náttúrugæðum sem leitar málamiðlunar milli verndar, annarrar nýtingar náttúrugæða og orkuframkvæmda.

- **Ferðamálaáætlun** <http://www.samgonguraduneyti.is/media/Skyrsla>

Haustið 2003 ákvað samgönguráðherra, að unnið skyldi að gerð ferðamálaáætlunar fyrir Ísland. Settur var saman stýrihópur til að vinna gerð áætlunarinnar, miðað er við að áætlunin geri tillögur að úrbótum á sem flestum sviðum íslenskrar ferðaþjónustu og geri tillögur um ráðstöfun fjárveitinga samkvæmt áætluninni og eftir ákvörðun fjárlaga að hverju sinni. Áætlunin var lögð fyrir Alþingi haustið 2004 og samþykkt í maí 2005.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að stefna að eftirfarandi meginmarkmiðum í ferðamálum á tímabilinu 2006–2015 í samráði við ráðherra viðkomandi málaflokka:

1. Náttúra Íslands, menning þjóðarinnar og fagmennska verði ráðandi þættir í þróun íslenskra ferðamála.
2. Tryggt verði samkeppnishæfni ferðaþjónustunnar sem stuðli að hámarksafrakstri í greininni.
3. Álagi vegna ferðaþjónustu verði jafnað á landið og íbúa þess og verði innan þolmarka í samræmi við niðurstöður rannsókna.
4. Ímynd Íslands sem ferðamannastaðar verði byggð upp og varin.
5. Enn fremur verði unnið að eftirfarandi markmiðum:
 1. Ferðaþjónustunni verði sköpuð rekstrarskilyrði sambærileg við rekstrarskilyrði í samkeppnislöndunum.
 2. Ísland verði í forystu í umhverfisvænni ferðaþjónustu.
 3. Fylgt verði eftir uppbyggingu þjóðgarða með því að stuðla að ferðaþjónustu sem

sambættir útivist og náttúruvernd.

4. Ábyrgð ferðamanna og fyrirtækja í ferðaþjónustu verði aukin í umhverfismálum.

- **Heilbrigðisáætlun** - <http://www.althingi.is/altext/126/s/1469.html>

Alþingi samþykkti 20. maí 2001 þingsályktunartillögu um heilbrigðisáætlun til 2010, sem fjallar m.a. um samábyrgð og jafnræði, bætt heilsufar, forvarnir og heilsuvernd, þverfaglegar aðgerðir, árangursríka heilbrigðisþjónustu og rannsóknir og samstarf.

- **Byggðaaáætlun** - <http://www.byggdastofnun.is/page/byggdaaetlun1013>

Byggðaaáætlun 2010-2013, Meginmarkmið byggðaaáætlunarinnar eru að bæta skilyrði til búsetu, nýsköpunar og sjálfbærrar þróunar í öllum landshlutum, efla menntun, menningu, samfélög og samkeppnishæfni byggða og bæja landsins með margvíslegum aðgerðum.

- **Efling sveitarstjórnarstigsins** - <http://www.samband.is/files/stefnumorkun>

Í stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árin 2009 og 2010 er 5 aðaláherslur í aðgerðaaáætlun þeirra, þau eru: Samskipti ríkis og sveitarfélaga, Verkaskiptamál, Hið staðbundna lýðræði, Stjórnun sveitarfélaga og starfsemi sambandsins og Launanefnd sveitarfélaga og kjarasamningar

- **Umhverfisáætlun** – Ekki liggja fyrir upplýsingar um umhverfisáætlun
- **Landsskipulag** – Ekki liggja fyrir upplýsingar um Landsskipulag

Áætluð þörf fyrir atvinnuþróun á höfuðborgarsvæðinu fram til ársins 2020

Á höfuðborgarsvæðinu er áætlað að nauðsynlegt sé að skapa um 25.000 ný störf til að mæta núverandi atvinnuleysi og fyrirséðri viðbót ungs vel mentaðs fólks inn á vinnumarkaðinn.

Stuðst er við upplýsingar frá Vinnumálastofnun um stöðuna á höfuðborgarsvæðinu:

- Meðalfjöldi atvinnulausra í október var 8,5% = 9049 einstaklingar
- Heildarjöldi á vinnumarkaði: $9049/8,5\% = 106.459$ einstaklingar
- Fjöldi atvinnulausra í lok október 2009 = 10.112 einstaklingar

Áætluð þörf fyrir ný atvinnutækifæri á höfuðborgarsvæðinu

Ár	Fjöldi í upph. árs	Árleg aukning 1%	Staða í lok árs
2009	106.000	0	106.000
2010	106.000	1.060	107.060
2011	107.060	1.060	108.120
2012	108.120	1.071	109.191
2013	109.191	1.081	110.272
2014	110.272	1.092	111.364
2015	111.364	1.103	112.466
2016	112.466	1.114	113.580
2017	113.580	1.125	114.705
2018	114.705	1.136	115.841
2019	115.841	1.147	116.988
2020	116.988	1.158	118.146
Heildarfjölgun tímabils		12.146	
Atvinnuleysi í lok okt. 2009		10.112	
Þörf fyrir ný störf		22.258	


Við skoðun á sóknarfærum á höfuðborgarsvæðinu er mikilvægt að hafa í huga og nýta undirliggjandi kerfi. Frumkvöðlar eru hvattir til að nýta og byggja ofan á það sem er til staðar þar sem slíkt er mögulegt. Á þjóðfundinum í Rimaskóla komu margar ábendingar m.a. um að nýta laust húsnæði á höfuðborgarsvæðinu, því eins og staðan er nú er mikið af nýjum byggingum sem enn hafa ekki verið teknar í notkun.

Samtök sprotafyrirtækja – SSP voru stofnuð árið 2004, skilgreiningin á sprotafyrirtæki eru; fyrirtæki sem sprottin eru (upp) úr rannsókna- eða þróunarverkefni einstaklinga, þróunarhópa, háskóla, rannsóknarstofnana eða annarra fyrirtækja og byggjast á sérhæfðri þekkingu, tækni eða öðru nýnæmi á því sviði sem viðkomandi fyrirtæki starfar.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands starfrækir frumkvöðlasetur sem skapa frumkvöðlum þekkingarumhverfi, aðstöðu og umgjörð til að vinna að nýsköpun og veita þeim faglega þjónustu og stuðning við framgang hugmynda sinna. Á höfuðborgarsvæðinu eru 4 setur:

- **Kvosin** Lækjargötu 12, Reykjavík. Kvosin er á þremur hæðum í húsnæði Íslandsbanka í Lækjargötu.
- **Keldnaholt** Grafarvogi, 112 Reykjavík. Frumkvöðlasetrið á Keldnaholti í Reykjavík byggir á áralangri reynslu og þekkingu sem gefur fyrirtækjum á setrum Nýsköpunarmiðstöðvar mikilvægt forskot. Fyrirtækin á Keldnaholti
- **Kím - Medical Park** Vatnagörðum 18, Reykjavík. Frumkvöðlasetur fyrir fyrirtæki í heilbrigðistækni og skyldum greinum sem rekið er í samstarfi við Háskólann í Reykjavík, Háskóla Íslands, lðnaðarráðuneytið og Summit ehf.
- **Kveikjan** Strandgötu 11, Hafnarfirði. Kveikjan er rekin í samstarfi við Hafnarfjarðarbæ, Garðabæ og Sveitarfélagið Álftanes.

Í neðangreindri mynd má sjá hvernig meðaltekjur þróast hjá fyrirtækjum sem stofnuð voru árið 2005. Samkvæmt þessum gögnum er langmesti tekjuvöxturinn á fyrstu árunum á höfuðborgarsvæðinu, enda er um stærsta markaðssvæði landsins að ræða.



Heimild: Ríkisskattstjóri

Á Keldnaholti hefur Nýsköpunarmiðstöð Íslands höfuðstöðvar. Hlutverk Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands er að hvetja til nýsköpunar og efla framgang nýrra hugmynda í íslensku atvinnulífi. Nýsköpun er forsenda fyrir fjölbreytni íslensks atvinnulífs og undirstaða sterkar samkeppnisstöðu þess. Nýsköpunarmiðstöð Íslands heyrir undir Iðnaðarráðuneytið og starfar eftir lögum um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun (nr. 75/2007).

Ímpa er deild innan Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands. Ímpa veitir öllum frumkvöðlum og litlum og meðalstórum fyrirtækjum á Íslandi leiðsögn, sama er í hvaða atvinnugrein þau eru, hvort heldur á sviði iðnaðar, sjávarútvegs, þjónustu eða annarra greina íslensks atvinnulífs. Það er því mikilvægt að nýta sér þessar stofnanir þegar verið er að byggja upp ný atvinnutækifæri. Einnig má nefna Tækniþróunarsjóð og Stýrihóp um tilraunarsamfélög fyrir rafræn viðskipti í Evrópu.

Í þessari skýrslu verður farið yfir niðurstöðu þjóðfundarins á höfuðborgarsvæðinu, hvernig staða höfuðborgarsvæðisins er í dag og hvaða sóknarfæri liggja í þeim hugmyndum sem komu fram í ljósi núverandi stöðu.


Þessi skýrsla er tekin saman af NOR ehf fyrir hönd SSH. Tölfræðilegar og efnislegar upplýsingar hafa verið fengnar hjá Hagstofunni, RSK og á heimasíðu www.island.is

Almennar upplýsingar um höfuðborgarsvæðið

Höfuðborgarsvæðið er skilgreint sem svæði sem nær til Garðabæjar, Hafnarfjarðarkaupstaðar, Kjósarhrepps, Kópavogsbæjar, Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar, Seltjarnarneskaupstaðar, og Sveitarfélagsins Álfтанess.

Á höfuðborgarsvæðinu búa rúmlega 200 þúsund íbúar þar af rúmlega 118 þúsund í Reykjavík, um 30 þúsund í Kópavogi, tæplega 26 þúsund í Hafnarfirði, tæplega 10.600 í Garðabæ, rúmlega 8.500 í Mosfellsbæ og um 4.400 á Seltjarnarnesi og rúmlega 2.500 í Sveitarfélaginu Álftanesi. Íbúum á höfuðborgarsvæðinu hefur fjölgað um 22% frá 1998 til 2009 á meðan fjölgun utan höfuðborgarsvæðisins var 10%.


Mannfjöldi 1998 - 2009




Heimild: Hagstofa Íslands

Aldurssamsetning á höfuðborgarsvæðinu er þannig að 65,5% eru á þeim aldri sem talist getur mögulega virkur á vinnumarkaði. Þetta er hæsta hlutfallið á landsvísu. Hlutfall barna er næst lægst á höfuðborgarsvæðinu á meðan hlutfall aldraðra, eða 67 ára og eldri, er aðeins undir meðaltali landsins alls.

Aldurssamsetning eftir svæðum 2009



Heimild: Hagstofa Íslands



Heimild: Hagstofa Íslands fyrir Félags- og tryggingamálaráðuneytið

Undirstaða atvinnulífsins á höfuðborgarsvæðinu er verslun og þjónusta um 80% og framleiðsla um 19,5% og um 1% starfar við frumvinnslugreinar ef lítið er til launagreiðslna en hvað varðar rekstrarafkomu var mest vægi í fasteignaviðskiptum, rafmagns- og hitaveitum og því næst byggingastarfsemi og mannvirkjagerð. Fjármálaþjónusta og váttryggingar eru fyrirferðamiklar árið 2004 en eru ósamanburðarhæfar árið 2008 sökum hruns fjármálakerfis landsins.

Heimild: Ríkisskattstjóri

Alls voru árið 2008 55 fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu með 250 eða fleiri starfsmenn og eru það mest fyrirtæki í verslun og ýmis konar viðgerðarþjónustu. Þessi flokkur er einnig stærstur í fyrirtækjum sem eru í stærðinni 100-249 starfsmenn.

	1	2 - 9	10 - 19	20 - 49	50 - 99	100 - 249	>249
Alls	9.590	4.755	725	398	145	88	55
A Landbúnaður, dýraveiðar og skógrækt	98	59	7	4	0	0	0
B Fiskveiðar	83	69	6	5	3	0	0
C Námuþróftur og vinnsla hráefna úr jörðu	1	1	2	0	1	0	0
D Iðnaður	556	478	88	68	23	12	8
E Veitur	0	4	0	0	1	0	2
F Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð	1.772	799	80	36	11	6	2
G Verslun og ýmis viðgerðarþjónusta	875	1.057	192	84	28	19	12
H Hótel- og veitingahúsarekstur	105	196	80	53	9	4	2
I Samgöngur og flutningar	875	128	22	19	9	4	8
J Fjármálaþjónusta, lífeyrissjóðir og váttryggingar	107	69	12	16	7	8	3
K Fasteignaviðsk., leigustarfs. og ýmis sérhæfð þjónusta	2.401	978	108	56	24	13	4
L Opinber stjórnsýsla; almannatryggingar	9	10	3	4	4	2	8
M Fræðslustarfsemi	189	47	11	11	6	3	0
N Heilbrigðis og félagsþjónusta	999	352	37	14	9	12	5
O Önnur samfélagsþjón., félags- og menningarstarfsemi o.fl.	1.445	504	77	28	10	5	1
Q Starfsemi alþjóðlegra stofnana og samtaka með úrlendisrétt	0	0	0	0	0	0	0
Ótilgreind starfsemi	75	4	0	0	0	0	0


Heimild: Hagstofa Íslands



Meðfylgjandi tafla sýnir skiptingu starfandi fólks niður á hinar ýmsu greinar. Þjónusta vegur þýngst, því næst iðnaður og framleiðslustarfsemi en frumvinnslugreinarnar minnst.

	2008			
	Karlar	Konur	Alls	Hlutfall
Landbúnaður (A)	400	100	500	0,43%
Fiskveiðar (B)	600	0	700	0,60%
Landbúnaður og fiskveiðar alls	1.000	100	1.100	0,94%
Fiskiðnaður (DA 1520)	500	100	600	0,52%
Annar iðnaður (D án DA 1520)	7.800	3.000	10.800	9,27%
Veitur (E)	800	300	1.100	0,94%
Mannvirkjagerð (F)	9.600	600	10.200	8,76%
Framleiðslustarfsemi alls	18.700	4.000	22.700	19,48%
Verslun og viðgerðarþjónusta (G)	9.900	7.300	17.200	14,76%
Hótel- og veitingahúsarekstur (H)	2.200	2.200	4.400	3,78%
Samgöngur og flutningar (I)	5.500	2.500	8.000	6,87%
Fjármálaþjónusta og tryggingar (J)	3.400	4.100	7.500	6,44%
Fasteignaviðsk. og ýmis þjón. (K)	8.600	4.600	13.100	11,24%
Opinber stjórnsýsla (L)	3.100	3.400	6.500	5,58%
Fræðslustarfsemi (M)	3.300	5.400	8.700	7,47%
Heilbrigðis- og félagsþjónusta (N)	3.400	14.800	18.100	15,54%
Önnur samfélagsleg þjónusta, menningarstarfsemi og ótilgr. (O-Q).	4900	4100	9000	7,73%
Þjónustustarfsemi alls	44.200	48.600	92.700	79,57%
Samtals allir flokkar	63.900	52.700	116.500	100,00%

Heimild: Hagstofa Íslands

Hér er sýnd þróun nokkurra þeirra atvinnugreina á höfuðborgarsvæðinu sem fram komu á þjóðfundinum.






Nokkrar af helstu niðurstöðum úr skýrslu Expectus sem kynnt var á þjóðfundi höfuðborgarsvæðisins.

- Verðmætasköpun á mann á höfuðborgarsvæðinu hefur vaxið um 33% frá 2001 til 2008 ef miðað er við þáttatekjur á mann, sem er næst mesta aukningin á landsvísi. Mest er aukningin á Austurlandi.
- Raforkunotkun höfuðborgarsvæðisins er 27% af heildarnotkun landsins árið 2008.

- Íbúum á höfuðborgarsvæðinu hefur farið fjölgandi ár frá ári allt frá 1998. Á tímabilinu 1998 til 2009 hefur íbúum á svæðinu fjölgað um rúmlega 22%.
- 65,5% af íbúum á höfuðborgarsvæðinu er á vinnualdri, 18-66 ára. Hlutfall barna er næst lægst í samanburði við önnur landsvæði.
- Hlutfall ellilífeyrisþega af heildarfjölda 67 ára og eldri er 71% á höfuðborgarsvæðinu sem er það lægsta landsvísu.
- Um 80% af starfandi fólki vann við þjónustugreinar á árinu 2008, 19,5% starfaði við framleiðslustarfsemi og iðngreinar og um 1% starfaði við frumvinnslugreinar.
- Hlutfall erlendra ríkisborgara er tæplega 8% á höfuðborgarsvæðinu sem er nálægt landsmeðaltali.
- Atvinnuleysi mælist 8,8% á höfuðborgarsvæðinu sem er aðeins yfir landsmeðaltali. Svæðið sker sig úr að því leyti að meira atvinnuleysi er meðal fólks með framhaldsskólamenntun en annars staðar.
- Fjárframlög pr. nemanda í leikskóla á höfuðborgarsvæðinu er hæst á landsvísu en kostnaður pr. nemanda í grunnskólum á svæðinu er undir landsmeðaltali.
- Frammistaða nemenda í námi á höfuðborgarsvæðinu er almennt betri en annars staðar á landinu.
- 16 framhaldsskólar með rúmlega 13 þúsund nemendaígildi eru á höfuðborgarsvæðinu.
- Rúmlega 15 þúsund nemandar í framhaldsskólum eru með lögheimili á höfuðborgarsvæðinu.
- Tæplega 13 þúsund einstaklingar með lögheimili á höfuðborgarsvæðinu voru við háskólanám 2008. Frá árinu 2000-2008 hefur fjöldi þeirra sem útskrifast úr háskóla og eru með lögheimili á höfuðborgarsvæðinu rúmlega tvöfaldast.
- Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Impra styðja við nýsköpun og frumkvöðlastarf bæði á höfuðborgarsvæðinu og á landsvísu.
- Tekjuvöxtur nýrra fyrirtækja er mun hraðari á höfuðborgarsvæðinu en annars staðar á landinu.
- Ef horft er til fjárhagsstöðu sveitarfélaga er höfuðborgarsvæðið með mestan mun á tekjum umfram gjöld og einnig er mest hrein eign pr. íbúa á höfuðborgarsvæðinu.
- Þegar horft er til fyrirtækja með lögheimili á svæðinu voru launagreiðslur mestar í verslun og þjónustu árið 2008 en rekstrarafkoman best í fasteignaviðskiptum.
- Höfuðborgarsvæðið er með langmesta aukningu í fjölda gistinóttu á hótélum á tímabilinu 2000-2008.
- Höfuðborgarsvæðið er með mesta hlutdeild aflamarks í þorskígildistonnum eða 16,5% af heildinni. Mesta hlutdeild í einstökum tegundum hefur svæðið í karfa og ufsa.
- Höfuðborgarsvæðið hefur náð að auka aflaheimildir sínar í tonnum talið þrátt fyrir samdrátt á landsvísu á tímabilinu frá 2000-2009.
- Á höfuðborgarsvæðinu er einn virkjanakostur tilgreindur í Rammaáætlun varðandi jarðvarma en það er Hengilssvæðið. Ekki eru virkjanakostir í vatnsafli á svæðinu.
- Menningarstarf er blómlegt á höfuðborgarsvæðinu og árið 2006 heimsóttu tæplega 630 þúsund manns minja- og munasöfn á höfuðborgarsvæðinu.



Heimild: Orkustofnun, Raforkuspá 2009-2030

Höfuðborgarsvæðið býður upp á góðar innanlandstengingar með Reykjavíkurlugvöllum og Umferðamiðstöðina í miðju svæðisins og í tengslum við aðrar almenningssamgöngur.

Ferðamálasamtök höfuðborgarsvæðisins vinna að hagsmunamálum aðila í ferðaþjónustu og samræmingu á starfseminni á höfuðborgarsvæðinu. Verkefni samtakana er að:

- Skipuleggja samstarf aðila innan samtakanna, m. a. með fræðslu- og útgáfustarfsemi.
- Efla sameiginlega kynningu á höfuðborgarsvæðinu.
- Stuðla að umræðu um framtíðaráform í ferðaþjónustu á svæðinu.
- Vera sameiginlegur tengiliður svæðisins við Ferðamálaráð Íslands, Ferðamálasamtök Íslands og stjórnvöld.
- Hafa frumkvæði að nýjungum í ferðaþjónustu á höfuðborgarsvæðinu og kynna þær.
- Stuðla að aukinni þjónustustarfssemi við ferðamenn, Samtökin skulu hafa samstarf við sambærileg samtök annarra svæða eins og þurfa þykir. <http://www.ferdamalasamtok.is>

Öll sveitafélögin á höfuðborgarsvæðinu koma að samtökunum og eru með fulltrúa sinn í stjórn samtakanna ásamt fyrirtækjum sem snúa að ferðaþjónustu. Ferðamálasamtök höfuðborgarsvæðisins hafa hingað til ekki verið mjög virk en nýlega hefur verið skipt um stjórn samtakanna og áætlað er að auka umsvif samtakanna.

Höfuðborgarstofa tók til starfa í ársbyrjun 2003 og sinnir hún þríþættum verkefnum fyrir hönd Reykjavíkurborgar; rekstri Upplýsingamiðstöðvar ferðamanna í Reykjavík (UMFR), almennum ferða- og kynningarmálum Reykjavíkur auk þess að bera ábyrgð á skipulagi og framkvæmd ýmissa lykilviðburða á vegum borgarinnar, s.s. Vetrarhátíðar, Menningarnætur, Aðventuhátíðar ofl. og vera ráðgefandi fyrir skipuleggjendur stórra viðburða í borginni.

Frá 1. september 2006 hefur Höfuðborgarstofa haft umsjón með þekkingarheimsóknum til borgarinnar. Þekkingarheimsóknir eru skipulagðar heimsóknir þar sem tekið er á móti erlendum aðilum sem vilja kynna sér starfsemi og sérstöðu borgarinnar. Tilgangur þekkingarheimsókna er að gefa öðrum tækifæri á að kynnast og nýta reynslu Reykjavíkurborgar á hinum ýmsu sviðum til að ná betri árangri og/eða að kynna sér innleiðingu nýrra aðferða í rekstri. <http://www.visitreykjavik.is>

Ferðamálasamtök höfuðborgarsvæðisins og höfuðborgarstofa vinna í nánú samstarfi, Höfuðborgarstofa sér um markaðsmál og kynningar á meðan Ferðamálasamtök höfuðborgarsvæðisins vinna að hagsmunamálum og samræmingu á höfuðborgarsvæðinu.

Gróa Ásgeirsdóttir formaður stjórnar Ferðamálasamtaka höfuðborgarsvæðisins hefur mikin áhuga á samstarfi við að vinna áfram að þeim hugmyndum sem komu upp á þjóðfundinum, hún sér það sem mjög jákvætt samstarf þar sem öll sveitafélögin á höfuðborgarsvæðinu hafa fulltrúa innan samtakanna.


Helstu niðurstöður þjóðfundar höfuðborgarsvæðisins eru settar fram í eftirfylgjandi sjö köflum. Einnig er sérstakur viðauki með frekari greiningu á þeim 36 viðskiptatækifærum sem fram komu.

Þátttakendum þjóðfundar höfuðborgarsvæðisins er þakkað framlag þeirra til sóknar á höfuðborgarsvæðinu næstu tíu árin.

Fh. SSH Páll Guðjónsson

Niðurstöður

Hér á eftir er gerð grein fyrir niðurstöðum þjóðfundarins 20. mars 2010 með þeim ábendingum um kjarnahæfni og sóknarfæri sem komu frá þátttakendum. Út frá þessum niðurstöðum hafa verið skilgreind 36 viðskiptatækifæri sem fokuð hafa verið í 7 meginflokka og forgangsraðað eins og fram kemur á meðfylgjandi mynd.



Flokkun og forgangsraðun vaxtatækifæra að mati SSH

1. Náttúran
2. Heilsulindir
3. Menning, mannlíf og listir
4. Úrvinnsluiðnaður
5. Græn orka og hreint og kalt vatn
6. Þekkingarsamfélagið - vísindi, rannsóknir og menntun
7. Lega landsins

Vaxtataekifæri og helstu viðskiptahugmyndir


- 1. Náttúran**
 - 1.1 Náttúru borg
 - 1.2 Nálægð við náttúru
 - 1.3 Veðurfar
 - 1.4 Eldfjallagarður
 - 1.5 Að takast á við náttúruna
- 2. Heilsulindir**
 - 2.1 Lauga og útivistarborg
 - 2.2 Heilsusetur
 - 2.3 Heilsutengd uppbygging í Laugardal
 - 2.4 Vistvæn matargerð
- 3. Menning, mannlíf og listir**
 - 3.1 Menningar- og friðarborg norðursins
 - 3.2 Sagnahefð Íslendinga
 - 3.3 Alþjóðlegt listasetur
 - 3.4 Áttthagatengd ferðaþjónusta
 - 3.5 Beint úr sjó, veitingastaðir
 - 3.6 Frístundamiðstöð
 - 3.7 IMMI – Iceland Modern Media Initiative
 - 3.8 Miðstöð verslunar
 - 3.9 Hafnarfjörður – bærinn í hrauninu
- 4. Úrvinnsluiðnaður**
 - 4.1 Fullvinnsluborg
 - 4.2 Lyfjaframleiðsla
 - 4.3 Metanframleiðsla
 - 4.4 Koltrefjaverksmiðja
 - 4.5 Skiptisamningar
- 5. Græn orka og hreint og kalt vatn**
 - 5.1 Vistvæn borg
 - 5.2 Hreinar vörur úr plöntu- og dýraríkinu
 - 5.3 Sjálfbær kæling
 - 5.4 Repjuolía til orkuframleiðslu
 - 5.5 Gæludýrafóður til útflutnings
- 6. Þekkingarsamfélagið - vísindi, rannsóknir og menntun**
 - 6.1 Þekkingarsamstarf
 - 6.2 Rannsóknir á nýtingu auðlinda hafsins
 - 6.3 Alþjóðlegt menntunar- og þekkingarsetur
 - 6.4 Nýting áfallaþekkingar
- 7. Lega landsins**
 - 7.1 Samskipta borg
 - 7.2 Nýjar siglingaleiðir
 - 7.3 Nálægð við alþjóðarflugvöll
 - 7.4 Tímabelti

Tengsl viðskiptahugmynda og samstarf


Margar af þeim viðskiptahugmyndum sem komu fram á þjóðfundinum á höfuðborgarsvæðinu tengjast ferðapjónustu. Út frá þeim hugmyndum má skipta þeim í þrjá meginflokka náttúrutengda-, heilsutengda- og menningartengda ferðapjónustu.

Þrátt fyrir að skilgreina megi þessa þætti nokkuð skýrt þá næst mestur árangur með því að líta á þetta sem mengi sem samþætta má til þess að bjóða sem mesta fjölbreytni í þjónustu og draga þannig að fleiri ferðamenn erlenda og innlenda.

Tengsl vaxtatækifæra sem snúa að ferðapjónustu



Tengsl vaxtatækifæra sem snúa að þróun iðnaðar og þekkingar



No. 1 - Náttúran

Staða sérstöðunnar nú:

Höfuðborgarsvæðið hefur að geyma margar náttúruperlur, margar þeirra eru nú þegar nýttar en vantar þó að veita þeim meiri athygli og kynna þær fyrir bæði innlendum og erlendum náttúruáhugamönnum. Einnig má auka aðdráttarafl náttúrunnar með betra skipulagi og uppbyggingu þjónustu í kringum útivistarsvæðin.

Meðal þeirra náttúruperlna sem eru á höfuðborgarsvæðinu og veita tækifæra til útivistar eru: Esjan, Úlfarsfell, Hengillinn, Bláfjöll, Heiðmörkin, Hraunin, Þríhnjúkahellir, Strandlengjan, Tjörnin, Grasagarðurinn í Laugardal, Fjölskyldu og Húsdýragarðurinn, Elliðaárdalurinn, Lax- og silungsveiði (Elliðaárnar, Korpa, Leirvorgsá og Elliðarvatn), Strandveiði, Sjóstangaveiði, Hvalaskoðun, Fuglaskoðun, Stjörnuskoðun, Hestaferðir og nú er verið að vinna að skipulagi Græna trefillsins og grænna stíga sem mun umlykja jaðar höfuðborgarsvæðisins.

Verndarsvæði

Á höfuðborgarsvæðinu er enginn þjóðgarður, 6 friðlönd, 10 náttúruvætti, 8 fólkvangur og 21 önnur friðuð svæði og náttúruminjar.

	Fjöldi	Stærð
Þjóðgarðar	0	
Friðlönd	6	284,8 ha
Ástjörn, Hafnarfirði		225 ha
Gróttta, Seltjarnarnesi		5 ha
Varmárósar, Mosfellsbæ		9,6 ha
Bakkatjörn, Seltjarnarnesi		14 ha
Kasthúsatjörn og aðliggjandi fjara, Álftanes		4,2 ha
Gálgahraun, Garðabæ		27 ha
Náttúruvætti	10	62 ha
Borgir, Kópavogi		3 ha
Eldborg í Bláfjöllum		50 ha
Fossvogsbakkar, Reykjavík		
Hamarinn, Hafnarfirði		2 ha
Háubakkar við Elliðaárvog		2 ha
Kaldárhraun og Gjárnar í Hafnarfirði		
Litliborgir í Hafnarfirði		
Laugarás, Reykjavík		
Steðji (Staupasteinn) á Skeiðhóli, Kjósarhreppi		
Tröllabörn í Lækjarbotnum, Kópavogi		5 ha
Víghólar, Kópavogi		1 ha
Valhúsahæð, Seltjarnarnesi		

Fólkvangar	8	38.445 ha
Bláfjöll, Bessastaðahreppi, Garðabæ, Hafnarfirði, Kópavogi, Reykjavík, Seltjarnarnesi Rauðhólar, Reykjavík		8.400 ha 45 ha
Reykjanesfólkvangur, Garðabæ, Hafnarfirði, Kópavogi, Reykjavík og Seltjarnarnesi Ásfjall, Hafnarfirði		30.000 ha
Hleinar í Hafnarfirði		
Hlíð í Bessastaðahreppi		
Hvaleyrarlón og fjörur Hvaleyrarhöfða, Hafnarfirði Kasthúsatjörn og aðliggjandi fjara		
Stekkarhraun í Hafnarfirði		
Önnur friðuð svæði, náttúruminjar og búsvæði	21	
Skerjafjörður innan bæjarmarka Garðabæjar	Straumsvík, Hafnarfirði	Hvaleyrarlón og fjörur Hvaleyrarhöfða, Hafnarfirði
Vífilsstaðavatn og Hraunholtslækur, Garðabæ	Búrfell og Búrfellsgjá, Garðabæ	Urriðakotsvatn, Garðabæ
Bessastaðanes, Gálghraun og fjörur frá Bala að Kársnesi, Hafnarfirði, Garðabæ, Kópavogi og Bessastaðahreppi	Öskjuhlíð, Reykjavík	Tjörnin og Vatnsmýri, Reykjavík
Valhúsahæð, Seltjarnarnesi	Seltjarnarfjörur og Suðurnes, Seltjarnarnesi	Vesturhorn Laugarness, Reykjavík
Ellidaárdalur, Reykjavík	Myllulækjartjörn í Heiðmörk, Reykjavík	Grafarvogur, Reykjavík
Gufuneshöfði, Reykjavík	Viðey, Reykjavík	Eyjar á Kollafirði, Reykjavík
Úlfarsá og Blikastaðakró, Reykjavík, Mosfellsbæ Andríðsey, Kjalarneshreppi	Leiruvogur, Mosfellsbæ	Tröllafoss, Mosfellsbæ, Kjalarneshreppi

Heimild: UST

Reykjavík er nyrsta höfuðborgin við sjó, þessi staðsetning veitir mikla sérstöðu þar má nefna mikila fjölbreytni í veðráttu og hægt er að sjá norðurljósinn á köldum vetrarkvöldum, einnig eru dimmir vetrarmánuðurnir mikil sérstaða.

Flestir ferðamenn sem koma til landsins byrja á því að hafa viðkomu á höfuðborgarsvæðinu og halda svo út á land til að upplifa náttúru Íslands. Það liggja miklir möguleikar í náttúru höfuðborgarsvæðisins og því ætti að veita henni meiri athygli og fá ferðamenn til að staldra lengur við hér á höfuðborgar-svæðinu til að njóta þess sem er fyrir hendi. Fjöldi erlendra gesta um Leifstöð árið 2009 voru 464.536. Gestum um Leifstöð hefur farið fjölgandi síðustu ár og lítur úr fyrir að sú þróun muni halda áfram. Nær allir gestir sem koma um Leifstöð heimsækja höfuðborgarsvæðið. Tekjur af erlendum ferðamönnum árið 2008 námu 73.061miljónum króna.

Aðilar sem starfa á framangreindum sviðum eru m.a: Ferðafélagið, Útivist, Laxnes og Íshestar.

Ekki er úr vegi að skilgreina hér náttúrtengda ferðaþjónustu sem býður uppá náttúrupplifun allan ársins hring.

Hugmyndir sem fram komu á þjóðfundi sem nýst geta til áframhaldandi þróunar:

Viðskiptahugmyndir/ný fyrirtæki:

1.1 Náttúru borg

- 1.1.1 Fjölbreytt landslag
- 1.1.2 Sveit í borg og íslenski hesturinn
- 1.1.3 7 tinda ganga

1.2 Nálægð við náttúru(strendur/fjörur/hafnir), (fuglar/fiskar/hvalir), (garðar/laugar)

1.3 Veðurfar (rok, rigning, myrkur, norðurljós)

1.4 Eldfjallagarður (flekaskilin)

- 1.4.1 Jarðfræði
- 1.4.2 Fjöll/eldfjallasvæði/hverir
- 1.4.3 Þríhnjúkar

1.5 Að takast á við náttúruna

- 1.5.1 Björgunarþekking (almannavarnir og björgunarmiðstöð)

Hvaða áherslum þyrfti Sóknaráætlun 20/20 að koma inn í áætlanir hins opinbera til stuðnings sérstöðunni?

- Samgögnuáætlun, bílastæði og stígar tengdir útivistarsvæðum
- Ferðamálaáætlun, kynning á náttúrutengdum útivistarmöguleikum á höfuðborgarsvæðinu
- Umhverfisáætlun og Landsskipulag þurfa að taka tillit til náttúrutengdrar ferðaþjónustu á höfuðborgarsvæðinu.

Annar stuðningur stoðkerfis og stjórnsýslu

- Ferðamálastofa styðji við nýjungar í framboði á náttúrutengdri ferðaþjónustu innan höfuðborgarsvæðisins.
- Ferðamálasamtök höfuðborgarsvæðisins, Höfuðborgarstofa og þeir sem kynna útivistarmöguleika í hverju sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu aðstoði við kynningu á heimasíðum sínum og í útgefnu efni.

No. 2 Heilsulindir – (heilbrigðisþekking og íþróttamannvirki)

Staða sérstöðunnar nú:

Framboð heilsutengdrar þjónustu á höfuðborgarsvæðinu hefur aukist á undanförunum árum bæði á vegum hins opinbera og sem einkarekin starfsemi. Nú eru á höfuðborgarsvæðinu 17 sundlaugar, 8 golfvöllir, Ylströndin í Nauthólsvík og aðstaða fyrir sjósund. Á heilbrigðissviði má nefna Orkuhúsið, Vog, Reykjalund og verið er að hefja byggingu Primacare í Mosfellsbæ sem er einkum ætluð útlendingum.

Sundlaugamenning á höfuðborgarsvæðinu á sér langa sögu, fyrsta steipta sundlaugin á Íslandi var gerð í Laugardal við Reykjavík árið 1908, síðan þá hefur sundlaugamenningin þróast og sem dæmi eru Laugar í Laugardalnum fyrsta flokks fimm stjörnu heilsulind með baðstofu að evrópskri fyrirmynd þar sem slökunar- og lækningamáttur vatnsins er í hávegum hafður. Miklir möguleikar felast í því að nýta þá heilbrigðisþekkingu og íþróttamannvirki sem eru til staðar og tengja heita vatnið og heilsutengda þjónustu saman. Þessi heilsutengda starfsemi vekur áhuga ferðamanna sem nýta hana vel og ekki er úr vegi að þróa hér heilsutengda ferðaþjónustu.

ÍTR (íþróttar og tómstundaráð Reykjavíkur) hefur yfirumsjón með íþróttamannvirkjum og sundlaugum Reykjavíkur; Laugardalslaug, Árbæjarlaug, Breiðholtslaug, Grafarvogslaug, Klébergslaug, Sundhöllinni, og Vesturbæjarlaug, árið 2009 heimsóttu 1.834.000 manns laugarnar í Reykjavík.

Í Kópavogi voru alls 887.000 gestir í tveimur laugum

Í Hafnarfirði alls 482.335 gestir nú í þremur sundlaugum

Í Garðabæ voru alls 133.000, í einni sundlaug

Í Mosfellsbæ voru alls 313.510 gestir í tveimur sundlaugum

Á Álftanesi voru alls 100.000 gestir í einni sundlaug

og á Seltjarnarnesi 192.000 gestir í einni sundlaug.

Íþróttar- og tómstundaráð Kópavogs, ÍTK, fer með yfirstjórn íþróttar- og æskulýðsmála í Kópavogi Íþróttar- og tómstundaneftnd Hafnarfjarðar, ÍTH, vinnur að margvíslegu íþróttar-, æskulýðs- og tómstundastarfi í Hafnarfirði. Mosfellsbær er með tómstundarfulltrúa, Garðabær er með íþróttarfulltrúa og Álftanes er með einn íþróttar og tómstundarfulltrúa.

Almennt er íþróttastarf mjög blómlegt þó er mismikið úrval en það helst einnig í hendur með stærð sveitafélaganna, flest bjóða þau upp á ungmennafélög, fótboltafélög, skátahreifingu, hestamannafélög, sundfélög, gólfklúbba, íþróttafélög og fimleikafélög og margt annað.

Fyrir utan íþróttastarf sveitafélaganna eru margar einkareknar líkamsræktarstöðvar, æfingastöðvar, Jógastöðvar og dansskólar sem bjóða uppá góð og margbreytileg tilboð til hreyfingar.

Sú þróun hefur átt sér stað í samfélaginu að miklar öfgar eru fyrir hendi og sést það best á fíktengdum sjúkdómum. Þar má nefna offitu, vannæringu, reykingar, áfengi, vímuefni og spilafíkn. Hægt er að nýta sér heilbrigðisþekkingu og heilsulindir hér á landi til að vinna á slíkum fíkn. SÁÁ eru stærstu samtökin hér á landi sem vinna með fíktengda sjúkdóma en ýmis félagasamtök og stuðningshópar eru einnig til staðar þar má nefna www.offita.is, www.atroskun.is, og www.spilavandi.is Mikilvægt er að byggja áfram á reynslu þessara aðila til að aðstoða aðra sem eiga við sömu vandamál að etja og til markaðssetningar erlendis.

Hugmyndir sem fram komu á þjóðfundi sem nýst geta til áframhaldandi þróunar:

Viðskiptahugmyndir/ný fyrirtæki:

Líta ber á neðangreindar hugmyndir sem mengi sem hægt ætti að vera að markaðssetja ein og sér og einnig sem samsetta pakka fyrir þá sem vilja nýta og njóta þess sem sem í boði er. Á sama hátt eru samhentir hópar eða netverk einstaklinga og fyrirtækja hvött til að byggja upp áhugaverða þjónustu á þessum sviðum.

2.1 Heilsu- og útivistarborg

- 2.1.1 Sundlaugar og SPA
- 2.1.2 Nýta sjó- og jarðvarma
- 2.1.3 Golfvellir
- 2.1.4 Skíðahús í Úlfarsfelli

2.2 Heilsusetur (skurðaðgerðir, afvötnun, offitusjúklingar)

- 2.2.1 Fíktengd sérhæfing

2.3 Heilsutengd uppbygging í Laugardal og Mosfellsbæ

- 2.3.1 Lækning í hreinu lofti og hreinu vatni (Frjófnæmi, asmi, lungnasjúkdómar)

2.4 Vistvæn matargerð

Hvaða áherslum þyrfti Sóknaráætlun 20/20 að koma inn í áætlanir hins opinbera til stuðnings sérstöðunni?

- Heilbrigðisáætlun, taki tillit til heilsutengdrar ferðaþjónustu sem miðar að því að laða til landsins útlendinga sem leita sér lækninga og bættrar heilsu.
- Ferðamálaáætlun, kynning á heilsutengdri ferðaþjónustu á höfuðborgarsvæðinu
- Nýsköpun, Vísinda- og tækniráð stuðli að sameiginlegum rannsóknum á sviði heilnæmi þess sem hér er hægt að bjóða.

Annar stuðningur stoðkerfis og stjórnsýslu

- Ferðamálastofa stiðji við nýjungar í framboði á heilsutengdri ferðaþjónustu innan höfuðborgarsvæðisins.
- Ferðamálasamtök höfuðborgarsvæðisins, Höfuðborgarstofa og þeir sem kynna ferðamöguleika í hverju sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu aðstoði við kynningu á heilsutengdri ferðaþjónustu á heimasíðum sínum og í útgefnu efni.

No. 3 - Menning, mannlíf og listir

Staða sérstöðunnar nú:

Menning og listir (tónlist, kvikmyndum, tölvuleikjum) er sívaxandi grein. Skipta má markaðssetningu og sölu á menningu, listum og viðburðum í þrennt þ.e. innanlandsmarkaður, útflutningur og þátttaka í viðburðum erlendis og sem aðráttarafl til ferðamanna sem sækja Ísland heim.

Menningarstarf er blómlegt á höfuðborgarsvæðinu, alls voru 26 söfn starfrækt og heimsóttu tæplega 627 þúsund manns þau á árinu 2006 og störfuðu 254 manns þar undir lok ársins en 354 yfir mesta annatímamann. Má þar nefna að á safnanótt 2010 voru yfir 30 söfn víðsvegar á höfuðborgarsvæðinu opin og buðu uppá fjölbreytta dagskrá sem gestir á öllum aldri fengu notið fram til miðnættis. Sérstakur safnanæturstrætó gekk á milli safnanna til að auðvelda gestum að heimsækja fjölmörg söfn á einu kvöldi.

Straumur ferðamanna hefur aukist hér á landi á síðustu árum og gert er ráð fyrir að hann aukist enn frekar. Ferðamenn og erlendir aðilar hafa sýnt íslenskri menningu vaxandi áhuga því er mikilvægt að fylgja þeirri eftirspurn eftir með nýjum og spennandi tilboðum. Í þessu samhengi er því raunhæft að tala um menningartengda ferðaþjónustu.

Meðal þeirra tilboða sem nú þegar eru til staðar á höfuðborgarsvæðinu og tengjast menningu og listum eru: Listahátíð í Reykjavík, Menningarnótt, Iceland Airwaves, Food and Fun, Bjartir Dagar í Hafnarfirði, Víkingahátíð í Hafnarfirði, Reykjavík folk festival, HönnunarMars, Barnamenningarhátíð, List án landamæra, Days of Kópavogur, Hátíð Hafsins, 17. Júní, Gaypride, Tango Festival, Bókmenntahátíð, Reykjavík International Film Festival – RIFF, LÓKAL international theater festival, Unglist, Jólaborpið Hafnarfirði, Reykjavík tour bus.

Einnig eru margir áhugaverðir staðir sem vert er að heimsækja:

Þjóðmenningarhús, Handritasafnið, Harpa, Salurinn, Leikhús, Öskjuhlíðin og Perlan, Höfði, Sjóminjasafnið (stóra fiskabúrið), Norræna húsið, Hallgrímskirkja, Ráðhúsið, Ásmundarsafn, Listasafn Einars Jónssonar, Háskóli Íslands, Þjóðleikhúsið, Listasafn Íslans, Listasafn Reykjavíkur, Miðbærinn, Tjörnin, Hólavallagarður, Viðey og friðarsúlan, Ingólfur Arnarson, Leifur heppni-maðurinn sem fann Ameríku, Hljómskálagarður, Miklatún, Lífræn ræktun í Hvalfirði og Kjós og aðrir sögufrægir staðir og kennileiti.

Listaháskólinn gegnir einnig mikilvægu hlutverki á þessu sviði.

Meðal áhugaverðra virkjana er virkjun OR í Elliðaárdal, Gvendabrunnar og Reykdalsvirkjun í Hafnarfirði.

Rætt hefur verið um að auka umsvif ferðaþjónustu og stækka markaðshópin með nýtingu stafrænna miðla. Tölvuleikir hafa þar verið tíðræddir, íslenskir tölvuleikjaframleiðendur hafa stofnað með sér Samtök tölvuleikjaframleiðenda á Íslandi - Icelandic Gaming Industry – í þeim samtökum eru m.a. CCP, Betware, Cadia, Dexoris, Digital White Knight, Gogotic, MindGames, Sauma and Ymir.

Höfuðborgarsvæðið er undir landsmeðaltali í flokkunum; manndráp og líkamsmeiðingar, kynferðisbrotum, áfengislagabrotum og fíkniefnabrotum. Því er óhætt að leggja áherslu á að borgin er öruggur og friðsæll staður.

IMMI (Iceland Modern Media Initiative) Lögð var fram tillaga til þingsályktunar 16. febrúar 2010 um að Ísland myndi skapa sér afgerandi lagalega sérstöðu varðandi verndun tjáningar- og upplýsingafrelsis. Þingsályktunartillagan hefur fengið frábærar undirtektir innan þings sem utan.

Markmiðið með þessari stefnu er að fela ríkisstjórninni að leita leiða til að styrkja tjáningarfrelsi, málfrelsi, upplýsingamiðlun og útgáfufrelsi hérlandis auk þess sem vernd heimildarmanna og uppljóstrara verði tryggð. Ef að tillagan fer í gegn er áætlað að stærstu fjölmiðlar heims vilji flyta aðsetur sitt til Íslands. Það gerist alltof oft að fjölmiðlar hætta við að fjalla um mál vegna hættu á lögsókn. Með því að flytja bækistöðvar sínar hingað til lands væri frétt aflutningur þeirra undir íslenskri lögvernd. Áætlað er að kosið verði um þingsályktunartilöguna í maí 2010.

Hugmyndir sem fram komu á þjóðfundi sem nýst geta til áframhaldandi þróunar:

Viðskiptahugmyndir/ný fyrirtæki:

Líta ber á neðangreindar hugmyndir sem klöster sem hægt ætti að vera að markaðssetja ein og sér og einnig sem samsetta pakka fyrir þá sem vilja nýta og njóta þess sem í boði er. Á sama hátt eru samhentir hópar eða netverk einstaklinga hvött til að byggja upp áhugaverða viðburði á þessum sviðum.

3.1 Menningar og friðarborg norðursins

- 3.1.1 Hafnarborgin Reykjavík
- 3.1.2 Umhverfissvottuð Reykjavík
- 3.1.3 Þjóðmenning - *Halldór Laxnes og Mofellsdalurinn, þvottalaugarnar*
- 3.1.4 Íslensk húsagerð
- 3.1.5 Sakamálasögur
- 3.1.6 Áramótaupplifun
- 3.1.7 Reykvíkst nammi
- 3.1.8 Virkjanir sem fræðslumiðstöðvar

3.2 Sagnarhefð Íslendinga

- 3.2.1 Sögugarður landnámu víkingar, víkingaþorp, *Edduheimar, Norræna goðafræðin, spákonur - tölvuleikir, teiknimyndir, bækur, minjagripir*
- 3.2.2 Hrunsafn *fræðslusetur, spillingarhringurinn*

3.3 Alþjóðlegt listsetur

- 3.3.1 Skapandi greinar – vitundariðnaður
- 3.3.2 Tengja tæknimenntun og leikjaframleiðslu
- 3.3.3 Sterk tískuvitund
- 3.3.4 Fataiðnaður

3.4 Áttahagatengd ferðaþjónusta fyrir afkomendur brottfluttra

3.5 Beint úr sjó veitingarstaðir

- 3.5.1 Pure Iceland
- 3.5.2 Taste Iceland

3.6 Frístundamiðstöð

3.6.1 Ylhús

3.6.2 Yfirbyggður skemmtigarður

3.7 IMMI (Iceland Modern Media Initiativ) - verndun tjáningar- og upplýsingafrelsis

3.8 Miðstöð verslunar (Shop in Iceland)

3.8.1 Yfirbyggð göngugata og sporvagnar á Laugavegin

3.9 Hafnarfjörður - bærinn í hrauninu, gömlu húsin, höfnin

3.9.1 Hulinsheimar og alþjóðleg álfamiðstöð

Ábending kom til menntamálaráðuneytisins um að hafa sérstaka menningarútlutningsdeild og að það stuðlaði að menningaruppeldi ungmenna.

Hvaða áherslum þyrfti Sóknaráætlun 20/20 að koma inn í áætlanir hins opinbera til stuðnings sérstöðunni?

- Menningarstefna, styðji við menningartengda ferðaþjónustu sem miðar að því að laða til landsins erlenda aðila sem vilja kynna sér menningu og sögu þjóðarinnar í fortíð og nútíð. Einnig að stuðla að því að erlendir aðilar komi til landsins til þess að vinna með listafólki hér á landi og erlendis.
- Ferðamálaáætlun, kynning á menningartengdri ferðaþjónustu á höfuðborgarsvæðinu
- Nýmenntastefna efli menningu og listir í landinu.

Annar stuðningur stoðkerfis og stjórnsýslu

- Ferðamálastofa styðji við nýjungar í framboði á menningartengdri ferðaþjónustu innan höfuðborgarsvæðisins.
- Ferðamálasamtök höfuðborgarsvæðisins, Höfuðborgarstofa og þeir sem kynna ferðamöguleika í hverju sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu aðstoði við kynningu á menningartengdri ferðaþjónustu sem er í boði á höfuðborgarsvæðinu á heimasíðum sínum og í útgefnu efni.

No. 4 - Úrvinnsluiðnaður

Staða sérstöðunnar nú:


Úrvinnsluiðnaður sem byggir á þekkingu er meðal annars matvælaframleiðsla, lyfjaframleiðsla, efnaíðnaður, og álsteypa. Á höfuðborgarsvæðinu eru 5 starfsleyfisskyldar sorpstöðvar, 3 olíubirgðastöðvar, 1 fiskimjölsverksmiðja, 1 álver, 2 malbikunarstöðvar, 1 brennslustöð og 3 málningarverksmiðjur.

Fiskvinnsla er hluti af fullvinnslu sjávarfangs en tollmúrar afmörkuðu lengi vinnslustigið. Margir horfa til frekari úrvinnslu sjávarfangs miðað við það sem nú er.

Höfuðborgarsvæðið er með mesta hlutdeild aflamarks í þorskígildistönnum eða 16,5% af heildinni.

Mesta hlutdeild í einstökum tegundum hefur svæðið í karfa og ufsa.

Höfuðborgarsvæðið hefur náð að auka aflaheimildir sínar í tonnum talið þrátt fyrir samdrátt á landsvísu á tímabilinu frá 2000-2009.



Lyfjaframleiðsla hefur verið að þróast og færast í aukanna á síðustu árum bæði með hefðbundin lyf og óhefðbundin. Innan hefðbundinar lyfja má nefna fyrirtækin Actavis hf, IcePharma hf og Vistor hf. Einnig er sívaxandi áhugi fyrir óhefðbundnum lyfjum sem hægt er að vinna úr lífríki í náttur landsins og þar má m.a. nefna Saga Medica.

Á landsvísu er mikil álframleiðsla og er ein af þeim verksmiðjum sem starfræktar eru ALCOA í Hafnarfirði. Lengi hefur verið horft til mögulegrar frekari úrvinnslu áls á þessu svæði.

Mörg stærri fyrirtækja innan úrvinnsluiðnaðar eru staðsett á höfuðborgarsvæðinu. Nýta mætti staðsetningu þeirra og þá framleiðsluþekkingu sem þessi fyrirtæki búa yfir til að efla framleiðslu á höfuðborgarsvæðinu og skoða hvernig megi vinna vöru frá frumvinnslu í fullvinnslu á höfuðborgarsvæðinu.

Hugmyndir sem fram komu á þjóðfundi sem nýst geta til áframhaldandi þróunar:

Viðskiptahugmyndir/ný fyrirtæki:

- 4.1 Fullvinnslu borg - Úr frumvinnslu í fullvinnslu byggða á sérþekkingu
 - 4.1.1 Fullvinnsla sjávarfangs
 - 4.1.2 Fullvinnsla áls
 - 4.1.2.1 Samkeppni um listmuni úr áli
- 4.2 Lyfjaframleiðsla
- 4.3 Metanframleiðsla
- 4.4 Koltrefjaverksmiðja
- 4.5 Skiptisamningar (ferskt vatn fyrir olíu, vörur og þjónustu)

Hvaða áherslum þyrfti Sóknaráætlun 20/20 að koma inn í áætlanir hins opinbera til stuðnings sérstöðunni?

- Nýsköpun, Vísinda- og tækniráð styðji við rannsóknir á sviði fullvinnslu þess hráefnis sem er eða verður til hér á landi.
- Umhverfisáætlun taki tillit til atvinnuuppbyggingar samhliða sjálfbærri nýtingu lands og gæða þess.
- Landsskipulag taki tillit til atvinnuuppbyggingar á höfuðborgarsvæðinu.
- Rammaáætlun um nýtingu orkulinda taki tillit til áframhaldandi uppbyggingar á höfuðborgarsvæðinu.
- Fjarskiptaáætlun styðji við uppbyggingu hátæknistarfsemi á höfuðborgarsvæðinu.
- Nýmenntastefna vekji áhuga ungmenna á þátttöku í úrvinnslu- og fullvinnsluiðnaði.

Annar stuðningur stoðkerfis og stjórnsýslu

- Stjórnsýslan, sveitarfélögin og samtök atvinnulífs og launafólks vinni saman að því að skapa jákvætt umhverfi til uppbyggingar atvinnulífs á höfuðborgarsvæðinu.

No. 5 - Græn orka og hreint kalt vatn

Staða sérstöðunnar nú:

Græn orka og hreint kalt vatn eru ein af þeim gæðum sem ísland er þekkt fyrir. Nú þegar nýtum við bæði heita og kalda vatnið á heimilum landsins og í iðnaði. Tæplega 99,5% íbúa Reykjavíkur njóta hitaveitu og er það hæsta hlutfallið á landsvísu.

Höfuðborg okkar íslendinga er nefnd eftir reyknum sem kom upp úr heitum laugum í Laugardalnum.

Höfuðborgarsvæðið líkt og stór hluti landins býr yfir mikilli orku og sterku veitukerfi sem hægt er að nýta mun betur en gert er í dag. Nú þegar hefur verið rætt um opnun gagnavera og aukinn framleiðsluiðnað hér á landi og ætti höfuðborgarsvæðið að geta skoðað betur þá möguleika sem eru í boði.

Meðal þeirra fyrirtækja sem vinna innan orkugeirans á höfuðborgarsvæðinu er Orkuveita Reykjavíkur, Orkusalan og Hitaveita Suðurnesja. Landsvirkjun, RARIK og Landsnet eru með höfuðstöðvar sínar á höfuðborgarsvæðinu

Hugmyndir sem fram komu á þjóðfundi sem nýst geta til áframhaldandi þróunar:

Viðskiptahugmyndir/ný fyrirtæki:

5.1 Vistvæn borg

5.1.1 Hrein orka í umferðinni

5.2 Hreinar vörur úr plöntu og dýraríkinu

5.2.1 Grænmetis- og ávaxtaræktun

5.3 Sjálfbær kæling m.a. fyrir gagnaver

5.4 Repjuolía til orkuframleiðslu

5.5 Gæludýrafóður til útflutnings (hreinleiki og ferskleiki)

Hvaða áherslum þyrfti Sóknaráætlun 20/20 að koma inn í áætlanir hins opinbera til stuðnings sérstöðunni?

- Samgönguáætlun styðji við nýtingu endurnýtanlegrar orku í umferðinni sem og gerð reiðhjólástíga samhliða þjóðvegakerfinu.
- Nýsköpun, Vísinda- og tækniráð styðji við rannsóknir á sviði nýtingar grænnrar orku.
- Umhverfisáætlun styðji við öflun og nýtingu grænnrar orku á öllum sviðum.
- Rammaáætlun um nýtingu orkulinda taki tillit til áframhaldandi nýtingar grænnrar orku á höfuðborgarsvæðinu.

Annar stuðningur stoðkerfis og stjórnsýslu

- Höfuðborgarsvæðið njóti fulls aðgangs að orkulindum landsins.

No. 6 - Þekkingarsamfélagið - vísindi, rannsóknir, menntun

Staða sérstöðunnar nú:

Staða þekkingarsamfélagsins á höfuðborgarsvæðinu hefur verið vaxandi og er í góðum farvegi. Á höfuðborgarsvæðinu er fjölbreytt menntun þar má nefna háskóla, hugmyndahús háskólanna og einnig eru skólar með sérhæfða menntun. Hér er umfangsmikil hugbúnaðargerð og vaxandi erfða- og náttúruvísindi. Íslensk menntun er samþykkt sem jafngild menntun erlendis og er því ástæða til að styrkja og auka umsvif þekkingarsamfélagsins á höfuðborgarsvæðinu og fjölga þannig störfum við rannsóknar- og þróunarverkefni og þar með undirstrika gildi þekkingar sem snýr að sérstöðu Íslands. Tæplega 13 þúsund einstaklingar með lögheimili á höfuðborgarsvæðinu voru við háskólanám 2008. Frá árinu 2000-2008 hefur fjöldi þeirra sem útskrifast úr háskóla og eru með lögheimili á höfuðborgarsvæðinu rúmlega tvöfaldast. Skipting nemenda eftir háskólum á höfuðborgarsvæðinu, skiptingin fer ekki eftir búsetu. LHÍ 425 nemendur, HR 2.488 nemendur, HÍ 12.765 nemendur. Einnig bjóða Rafiðnaðarskólinn og Söngskólinn í Reykjavík uppá nám á háskólastigi. Fjárframlög til háskólanna á höfuðborgarsvæðinu eru 12.519.000.000 kr.

Nefna má nokkrar stofnanir og fyrirtæki í þekkingarsamfélaginu: Rannsóknþjónusta Háskóla Íslands, Vísinda og tækniráð, Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands, Háskóli Sameinuðu þjóðanna – Jarðhitaskóli, REYST -orkuskóli, Hafrannsóknarstofnun, MATIS, ORF Líftækni, Saga Medica, Decode, Orkuveita Reykjavíkur ofl.

Rannsóknamiðstöð Íslands (Rannís) veitir stuðning við rannsóknir, rannsóknatengt nám, tækniþróun og nýsköpun. Stofnunin er náinn samstarfsaðili Vísinda- og tækniráðs og hefur það hlutverk að veita faglega aðstoð og þjónustu við undirbúning og framkvæmd vísinda- og tæknistefnu ráðsins. Rannís aðstoðar vísinda og tæknisamfélagið með rekstri samkeppnissjóða, aðstoð og kynningu á alþjóðlegum sóknarfærum og samstarfsmöguleikum auk þess að kynna áhrif rannsókna og nýsköpunar á þjóðarhag. Rannís heyrir undir menntamálaráðherra og starfar á grundvelli laga um opinberan stuðning við vísindarannsóknir (nr. 3/2003).

Kím - Medical Park Vatnagörðum 18, Reykjavík. Frumkvöðlasetur fyrir fyrirtæki í heilbrigðistækni og skyldum greinum er rekið í samstarfi við Háskólann í Reykjavík, Háskóla Íslands, iðnaðarráðuneytið og Summit ehf.

Hugmyndir sem fram komu á þjóðfundi sem nýst geta til áframhaldandi þróunar:

Viðskiptahugmyndir/ný fyrirtæki:

6.1 Þekkingar samstarf

- 6.1.1 Samstarf innan þekkingarklasa ólíkra greina
- 6.1.2 Tengsl háskóla og framleiðsluiðnaðar

6.2 Rannsóknir á nýtingu auðlinda hafsins (lífríki og sjávarföllum)

- 6.2.1 Ensím og prótein úr sjávarfangi
- 6.2.2 Þróun vistvænna veiðarfæra fyrir sjávarbotninn

6.3 Alþjóðlegt menntunar og þekkingarsetur (aðdráttarafl fyrir erlenda vísindamenn og nemendur)

- 6.3.1 Ráðgjöf í jarðskorpu-, orku- og loftslagsmálum,
- 6.3.2 Uppbygging nýsköpunarferla
- 6.3.3 Nýta internetvæðingu þjóðarinnar

6.4 Nýting áfallaþekkingar

- 6.4.1 Fjármálareynsla (Hrunið, Icesave) fyrirmynd annarra í úrvinnslu

Hvaða áherslum þyrfti Sóknaráætlun 20/20 að koma inn í áætlanir hins opinbera til stuðnings sérstöðunni?

- Nýsköpun, Vísinda- og tækniráð hafi yfir að ráða fjármagni til nauðsynlegs stuðnings við vísindarannsóknir og hagnýtar rannsóknir á öllum sviðum.
- Nýmenntastefna stuðli að áhuga ungmenna til rannsókna og sköpunar.

Annar stuðningur stoðkerfis og stjórnsýslu

- Stjórnsýslan, sveitarfélögin og samtök atvinnulífs og launafólks vinni saman að því að auka rannsóknarstarfsemi og styðji við bakið á þeim sem vinna áfram með niðurstöður þeirra til eflingar atvinnulífs.

No. 7 - Lega landsins

Staða sérstöðunnar nú:

Lega landsins skapar mikla sérstöðu þar sem Ísland liggur í miðju Atlanshafinu á milli heimsálfunar N-Ameríku og meginlands Evrópu.

Þeir möguleikar sem lega landsins býður upp á eru m.a. góðir flutnigar í lofti og á sjó, ráðstefnuhald þar sem tvær heimsálfur geta hist á miðri leið, ferðaþjónusta og birgðarhald á friðarlandi.

Sú þjónusta sem höfuðborgarsvæðið getur nú boðið uppá eru góðar hafnir, flugvöllur í sem næst miðju svæðinu auk nálægðar við alþjóðlegan flugvöll og mjög öflug fjarskiptatengsl.

Ísland er á tímabelti með Evrópu, Mið-Austurlöndum og Afríku (EMEA) sem gerir okkur mjög hæf samskiptalega fyrir þá sem eru á öðrum tímabeltum.

Höfuðborgarsvæðið á því að geta verið samskipta- og þjónustumiðstöð í Norður Atlantshafi. Með hlýnun jarðar getur svo farið að Ísinn á norðurslóðum minnki verulega og mun þá opnast fyrir nýja siglingarleið svonefnda norðurleið. Vinna þarf að enn frekari markaðsetingu fyrir legu landsins og sýna fram á hvaða möguleikar liggja hér á höfuðborgarsvæðinu.

Þessi þáttur er mjög áhugaverður en fær lægst vægi þar sem ekki er séð að þetta nýtist að verulegu marki innan þess tímaramma sem um er fjallað eða fyrir árið 2020.

Hugmyndir sem fram komu á þjóðfundi sem nýst geta til áframhaldandi þróunar:

Viðskiptahugmyndir/ný fyrirtæki:

- 7.1 Samskipta borg
- 7.2 Nýjar siglingaleiðir
- 7.3 Nálægð við alþjóðaflugvöll
- 7.4 Tímabelti

Hvaða áherslum þyrfti Sóknaráætlun 20/20 að koma inn í áætlanir hins opinbera til stuðnings sérstöðunni?

- Samgönguáætlun taki mið af nýtingu landsins sem samskiptamiðstöðvar austurs, vesturs og suðurs.
- Fjarskiptaáætlun taki mið af þörfum höfuðborgarsvæðisins til öflugra fjarskiptatenginga við umheiminn.
- Ferðaáætlun skilgreini Ísland sem kjörinn stað fyrir ráðstefnur og fundi „Meeting Point“

Annar stuðningur stoðkerfis og stjórnsýslu

- Stjórnsýslan, sveitarfélögin og samtök atvinnulífs og launafólks vinni saman að því að skapa alþjóðlega ímynd og dragi til landsins aðþjóðafundi og ráðstefnur.